

Umgjörð um skólastarf í Úlfarsárdal

Frá hinu almenna til hins sérstæða
Design Down Process



Reykjavíkurborg

Vinnuhópur um umgjörð
skólastarfs í Úlfarsárdal
Framkvæmdasvið Reykjavíkurborgar
Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Nóvember 2012

Umgjörð um skólastarf í Úlfarsárdal

Hugmyndir og tillögur um áherslur í skóla- og frístundastarfi og hönnun bygginga

Ritun skýrslu: Birna Sigurjónsdóttir verkefnisstjóri á skóla- og frístundasviði

© Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Forsíðumynd: Skólinn minn. Nótt Benediktsdóttir, nemandi í Dalskóla málaði í snjó

Nóvember 2012

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Undirbúningshópur	5
Fulltrúar í vinnuhópi	5
Skólahverfið	6
Nemendafjöldi – áætlun.....	6
Námssamfélagið	7
Námssamfélagið í Dalskóla.....	8
Námssamhengið	9
Hópvinna um námssamhengið.....	9
Forgangsröðun	11
Námssamhengi - áherslur.....	11
Námsvarðan:	12
Námsvæntingar	14
Námsvæntingar – samantekt	15
Námsskipulag	16
Námsskipulagið - samantekt	17
Námsumhverfið.....	17
Námsumhverfi – nemendur	18
Námsumhverfi – grunnur	18
Skóli í Úlfarsárdal.....	20
.....	21
Bygging grunnskóla í Reykjavík í upphafi 21. aldarinnar	22
Námsumhverfi - skissur	24
Námsumhverfi – samantekt	26
Námsfagnaðir	26
Námsfjármögnun.....	26
Heimildir	27

Inngangur

Ákveðið var í framkvæmdastjórn skóla- og frístundasviðs snemma árs 2012 að láta fara fram að nýju undirbúningsvinnu að hönnun skólabygginga í Úlfarsárdal út frá breyttum forsendum í aðalskipulagi Grafarholts og Úlfarsárdals 2011-2030.

Áður fór fram undirbúningsvinna og mótun hugmynda um áherslur í skólastarfi og hönnun skólabygginga í Úlfarsárdal í vinnuhópi undir stjórn Menntasviðs og Framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar haustið 2007. Niðurstöður þeirrar vinnu birtust í skýrslunni: Skólahald í Úlfarsárdal sem kom út í nóvember 2007. Þá skýrslu er að finna á heimasíðu skóla- og frístundasviðs undir: Útgáfur.

Ákveðið var að vinna þá hugmynda- og hönnunarvinnu sem nú fór fram að hluta eftir Design Down ferlinu og var kallaður saman fjölskipaður hópur hagsmunaaðila úr skólasamfélaginu og frá Reykjavíkurborg. Þetta var gert til að fá fram sem flestar og fjölbreyttastar hugmyndir um skóla- og frístundastarfið og tengsl skólans við umhverfi sitt svo mæta megi sem best þörfum allra hagsmunaaðila og breyttum áherslum í starfi og umgjörð leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs. Einnig verður tekið mið af þeirri stefnumótun og starfi sem mótað hefur á þeim tveimur árum sem Dalskóli hefur starfað.

DDP nær til markmiða skólans, innra starfs og útfærslu byggingar. Vinna hópsins sem nú kemur saman mun beinast að umgjörð skólastarfs í leik- og grunnskóla í hverfinu, heildstæðri framtíðarsýn og innra starfi skólanna. Við lok vinnunnar liggja fyrir lýsing á megináherslum í skólastarfinu og lausleg hugmynd að innra fyrirkomulagi bygginga sem þjóna skólastarfinu í dalnum.

Fylgt var að hluta ferlinu „hönnun frá hinu almenna til hins sérstæða“ eða Design Down Process en því ferli hefur verið fylgt við undirbúning nýrra skóla í borginni undanfarinn áratug. Starfað var eftir aðferð sem mótuð var af skólamönnum og arkitektum í Minnesota í Bandaríkjunum fyrir um tveimur áratugum. Aðferðin felst í stórum dráttum í því að hópur fólks úr ýmsum áttum fer saman í gegnum ákveðna hugmyndavinnu innan skilgreinds ferlis sem skiptist í 10-12 þrep. Gengið er út frá því að skólar í núverandi mynd hafi ekki verið til um allar aldir, þeir voru mótaðir af venjulegu fólki og þeim megi umbreyta á alla vegu. Byrjað er á því að skoða almennt umhverfi skólans, samfélagslegt og umhverfislegt, s.s. námsaðstæður og væntingar til starfsins almennt, og nálgast síðan skólann sjálfan, innra starf hans og útlit, þ.e. einkenni, námsskipan og námsumhverfi, skref fyrir skref. Þannig er leitast við að tengja saman í eina samfellda heild skipulag skólastarfsins, hönnun byggingar og þátttöku grenndarsamfélagsins í námi nemenda.



Undirbúningshópur

Í maí 2012 var ýmsum aðilum innan og utan skólakerfisins sent bréf með boði um þátttöku í undirbúningsferlinu. Þar kom fram að vinna hópsins beindist að umgjörð skólastarfs í leik- og grunnskóla í hverfinu, heildstæðri framtíðarsýn og innra starfi skólanna. einnig að stefnt væri að því að við lok vinnunnar lægi fyrir lýsing á megináherslum í skólastarfinu og lausleg hugmynd að innra fyrirkomulagi bygginga sem þjóna skólastarfinu í dalnum. Myndaður var 30 manna vinnuhópur sem hittist á þremur vinnufundum, einum að vori og tveimur að hausti 2012.

Fulltrúar í vinnuhópi

Hildur Jóhannesdóttir, skólastjóri Dalskóla
Sigrún Ásta Gunnlaugsdóttir, aðstoðarskólastjóri Dalskóla
Kári Garðarsson, deildarstjóri í Dalskóla
Sigurður Kristján Nikulásson, fulltrúi frístundar í Dalskóla
Sigríður Schram, kennari í Dalskóla
Gunnar Björn Melsted, kennari í Dalskóla
Vilborg Jóna Hilmarisdóttir, leikskólakennari í Dalskóla
Böðvar Páll Jónsson, leikskólaleiðbeinandi í Dalskóla
Tómas Geir Elmarsson, nemandi í Dalskóla
Hrönn Júlía Stefánsdóttir, nemandi í Dalskóla
Auður Erla Gunnarsdóttir, nemandi í Dalskóla
Karin Erna Elmarsdóttir, fulltrúi foreldra í skólaráði Dalskóla
Magnús Kári Bergmann, fulltrúi foreldra í skólaráði Dalskóla
Árni Jón Sigfússon, fulltrúi íbúasamtakanna í skólaráði
Kristinn Steinn Traustason, formaður íbúasamtakanna í Úlfarsárdal
Ásbjörg Magnúsdóttir, formaður foreldrafélagsins
Freyja Eiríksdóttir, fulltrúi foreldrafélagsins
Sólveig Reynisdóttir, framkvæmdastjóri. Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts
Oddný Sturludóttir formaður skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur
Ámundi Brynjólfsson, skrifstofustjóri. Framkvæmda- og eignasviði
Rúnar Gunnarsson, arkitekt. Framkvæmda- og eignasviði
Ragnar Þorsteinsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs
Auður Á. Stefánsdóttir, skrifstofustjóri fagskrifstofu grunnskóla
Soffía Pálsdóttir, skrifstofustjóri fagskrifstofu frístunda
Hildur Skarphéðinsdóttir, skrifstofustjóri fagskrifstofu leikskóla
Birna Sigurjónsdóttir, verkefnastjóri á skóla- og frístundasviði
Anna Garðarsdóttir verkefnastjóri á skóla- og frístundasviði
Júlíus Sigurbjörnsson verkefnastjóri á skóla- og frístundasviði
Egill Guðmundsson, arkitekt.
Þorgeir Magnússon, Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts

Skólahverfið



Samkvæmt drögum að aðalskipulagi Reykjavíkurborgar 2010-2030 á að vera í **Úlfarsárdal** heildstætt skólahverfi með 800 íbúðum, auk 300 íbúða við Leirtjörn. Grunnskóli 1-10. bekkjar verði í dalnum og tveir leikskólar, annar við Leirtjörn. Neðst í dalnum við Úlfarsá verður íþróttasvæði, sem mun þjóna íbúðarsvæðunum í Úlfarsárdal og Grafarholti. Gert er ráð fyrir að þar rísi íþróttahús ásamt áhorfendastúku, keppnisvöllur, gervigrasvöllur og æfingavellir beggja vegna árinna. Aðkoma að svæðinu er um Úlfarsbraut, hægakstursgötu, sem tengir hverfin saman og tengist íbúðarbyggðinni á Reynisvatnsá. Framkvæmdir við íþróttavelli eru hafnar.

Nemendafjöldi – áætlun

Miðað við 1.100 íbúða hverfi verður nemendafjöldi í fullbyggðu hverfi um 470 nemendur á grunnskólaaldri og um 270 nemendur á leikskólaaldri ef gert er ráð fyrir að fjöldi nemenda á íbúð sé svipaður og í nágrennahverfunum Árbæ og Grafarholti.

Fjöldi nemenda í íbúð e. 3 mismunandi forsendum	Eins og að meðaltali í Reykjavík	Eins og að meðaltali í Grafarvogi	Eins og að meðaltali í Árbæ-Grafarholti
1.100 íbúða hverfi			
Grunnskóli 1.-10. bekkur	396	506	473
Leikskóli	231	242	275
800 íbúða hverfi			
Grunnskóli 1.-10. bekkur	288	368	344
Leikskóli	168	176	200
Fjöldi nem. í íbúð	Grunnskóli	Leikskóli	
Reykjavík	0,36	0,21	
Grafarvogur	0,46	0,22	
Árbær-Grafarvogur	0,43	0,25	

Námssamfélagið

Fyrsti fundur vinnuhóps um skólaumgjörð í Úlfarsárdal var haldinn 29. maí 2012 í Dalskóla. Ragnar Þorsteinsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs setti fundinn og fór yfir drög að nýju aðalskipulagi hvað varðar skipulag byggðar í Úlfarsárdal og þá þýðingu sem breyttar forsendur í skipulagi hafa fyrir skólann og skólahverfið. Hverfi 1 í Úlfarsárdal verði heildstætt skólahverfi með 800 íbúðum og 300 íbúðum við Leirtjörn. Í hverfinu er gert ráð fyrir tveimur leikskólum og grunnskóla fyrir nemendur í 1.-10. bekk sem staðsettir verði á núverandi skólalóð neðst í byggðinni við dalinn.

Skólaumgjörð í Úlfarsárdal, undirbúningsferli hönnunar frá hinu almenna til hins sérstæða. Birna Sigurjónsdóttir, verkefnastjóri á skóla- og frístundasviði sem stýrði vinnu hópsins kynnti ferlið og fór yfir helstu áherslur í vinnunni framundan. **Leiðarljós í vinnunni er að:**

- Móta vettvang þar sem nám fer fram
- Taka mið af þörfum barna, fjölskyldna þeirra, grenndarsamfélagsins og samfélagsins alls. Verkefnið nær til markmiða, innra starfs, samstarfsaðila og útfærslu byggingar.

Birna fór yfir hvernig samfélagið og þar með námssamhengið hefur breyst og er að breytast á nýrri öld. Mikilvægt er að skólinn taki mið af þessum breytingum hvað varðar nám nemenda og undirbúning þeirra fyrir líf og starf í nútímasamfélagi. Í 2. grein grunnskólalaga segir: Hlutverk grunnskóla, í samvinnu við heimilin er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Hún minnti á að nemendur sem hefja skólagöngu sína í ár koma út á vinnumarkað á árunum 2030-2040, því þarf að horfa til framtíðar þegar skólastarf er skipulagt.

20. öldin	21. öldin
Iðnaðarsamfélag	Þekkingarsamfélag
Upplýsingasamfélag	Netmiðlar og tölvusamskiptir
Þjóðríki	Heimsvæðing
Meirihluti/minnihluti	Fjölmennningarlegt samfélag
Hraðar breytingar	Ógnarhraðar breytingar
Vaxandi auðlindir/bjargir	Takmörk auðlindavaxtar
Framhaldsnám/háskólanám fyrir suma	Framhaldsnám/háskólanám fyrir alla

Miklar breytingar hafa orðið á hinu stóra samhengi námsins frá því sem var á öldinni sem var. Flest skólahús í borginni eru mótuð af hugmyndum 20. aldar um skólann eða jafnvel 19. aldar. Ef litið er til þeirra breytinga sem orðið hafa á síðustu áratugum þá er ljóst að skólar þurfa að breytast til að „svara kalli tímans“. Þó ekki sé litið til annars en tækninnar og net- og tölvuvæðingar samfélagsins þá er ljóst að nemendur þurfa að takast á við allt aðra hluti í skóla og í daglegu lífi en foreldrar þeirra á

sama aldri. Fjölmenningin er önnur gerbreyting og svo háskólanám fyrir alla! Í öllum þessum hröðu breytingum hefur skólinn breyst hægt. Það hefur sína kosti, staðfesta skólans myndar þannig mótvægi við hraðar breytingar í samfélaginu, en til að skólanámið verði merkingarbært fyrir nemendur verður samt sem áður að vera samhljómur við samfélagið.

Í skólanum þarf að taka tillit til þess að hann er fyrir öll börn, hver sem staða þeirra er og einnig til þess að nemendur læra á mismunandi hátt. Í skólanum sem var áttu nemendur að læra það sem fyrir þau var lagt og muna, síðan kemur áhersla á að nemendur afli sér þekkingar og geti leitað upplýsinga og í nýrri aðalnámskrá 2011 kemur fram áhersla á hæfni nemenda sem er samlegð af þekkingu og leikni sem nemendur eiga að búa yfir við lok grunnskóla (Aðalnámskrá 2011).

Námssamfélagið í Dalskóla

Hildur Jóhannesdóttir, skólastjóri Dalskóla kynnti stefnu og sýn skólans, en skólinn er nú á sínu þriðja starfsári með 156 nemendur í bæði leik- og grunnskóla.

Áherslupættir í námi eru: Læsi og lesskilningur, útikennsla, félagsfærni, listir og sköpun. Í skólanum ríkir viðhorf virðingar fyrir einstaklingnum, fjölbreyttir kennslu- og starfshættir ásamt áherslu á samvinnu nemenda. Sömuleiðis er áhersla á valdeflingu og lýðræði starfsmanna, samstarf foreldra og skóla er mikið og list- og verkgreinum gert hátt undir höfði. Nemendur læra á mismunandi hátt, það ber að virða og fjölbreytileikinn viðurkenndur. Lögð er áhersla á að fá börn til að trúá á sjálf sig. Börnin vinna við að læra og þau læra við að vinna, en læra mest á því að framkvæma. Allir eiga sinn stað. Hvað er nám – hvað er kennsla – hvað er menntun? Hildur vitnar hér í aðalnámsskrá. Almenn menntun miðar að því að efla sjálfsskilning einstaklingsins og hæfni hans til að leysa hlutverk sín í flóknu samfélagi. Nemendur þurfa að vita hvað þeir vita og hvað þeir geta og hvernig best er að beita þekkingu sinni og leikni til að hafa áhrif á umhverfi sitt og bæta það.

Hæfni er þannig meira en þekking og leikni, hún felur einnig í sér viðhorf og siðferðisstyrk, tilfinningar og sköpunarmátt, félagsfærni og frumkvæði.

Námshæfni er undirstöðupáttur í öllu skólastarfi og byggir á skilningi.

Öll börn í Dalskóla tilheyra kjarnahópum/bekkjum og yfir hverjum hópi er umsjónarkennari. Allir starfsmenn vinna saman í teyrum. Frístundakennarar og list- og verkgreinakennarar vinna þvert á árganga. Hildur fór síðan yfir það sem starfsfólkið hafði skrifað um sérstöðu Dalskóla.



- Í Dalskóla er frelsi fyrir nemendur að skapa og vera þau sjálf
- Það er glatt hérna, líflegt og skemmtilegt
- Það er góður andi hérna og allir eru frjóir
- Það er hugur í mönnum og áræðni
- Þetta er samstilltur hópur og gott andrúmsloft
- Flott hvað skólinn er mikill náttúruskóli
- Smiðjustarfið gerir þetta svo lifandi
- Það er gott fyrir okkur foreldrana að finna þennan fjölskyldubrag.
- Það eru allir góðir og það er gaman að leika sér og vera hér
- Það er frelsið sem er spes, hlutir fá að flæða
- Það einkennir skólann hvað krakkarnir eru glaðir hér

Námssamhengið

Verkefni vinnuhópsins er m.a. að móta vettvang þar sem ná fer fram og skilgreina áherslur í skólastarfinu sem tengja saman samfélagið, nærumhverfi skólans og innra starf hans. nemandinn er í brennidepli þegar farið er frá hinum almenna, þ.e. samfélaginu, menningu og umhverfi og til hins sérstæða sem er námið í skólanum og vinna með börnunum í leik og námi og frístund. Leitast er við að tengja saman starfið í skólanum og samfélagið sem mótar hann og myndar hið stóra samhengi. Birna minnr á að nám er ekki bundið við skólann eða skólatímann því börn eru alltaf að læra og þau mótast af þeim áhrifum sem þau verða fyrir innan skólans og utan.

Hópvinnna um námssamhengið

Þátttakendum var skipt í fjóra vinnuhópa til að vinna að fyrra verkefni um námssamhengið. Hóparnir voru beðnir að beina sjónum að sérstökum **kostum** í stöðunni (með hliðsjón m.a. af skólahverfinu, íslensku samfélagi, skólakerfinu á Íslandi, fjölskyldum, menningu og umhverfi (hópur 1). Sérstökum **ögrunum** í stöðunni (á Íslandi, í Reykjavík, með hliðsjón af kennsluaðferðum, skipulagi skólastarfs, foreldrum, staðsetningu o.s.frv.)(hópur 2). Sérstökum **tækifærum** sem við höfum (í Reykjavík, í skólakerfinu almennt o.s.frv.) (hópur 3). Sérstökum **væntingum** til skólans (hópur 4).



Hver hópur skipaði ritara sem skráði það helsta sem fram kom í umræðunni. Eftir hópinnuna kynnt hver hópur sínar niðurstöður:

Hópur 1. Kostir í stöðunni (með hliðsjón m.a. af skólahverfinu, íslensku samfélagi, skólakerfinu á Íslandi, fjölskyldum, menningu og umhverfi

- Umhverfi – sérstakt umhverfi
- Nálægð við sveit – á – fjara – fjall
- Erum „þorparar“
- Góður sökkull til staðar
- Traust til skólans
- Allir á sömu leið
- Miklar væntingar
- Skólinn er miðja
- Skólinn fær að vera fyrir alla í námslegu, menningarlegu og heilsufarslegu tilliti
- Ó ? kostir, fáir koma inn í hverfið – lágt þjónustustig



Hópur 2. Ögranir (vandamál) í stöðunni (á Íslandi, í Reykjavík, með hliðsjón af kennsluaðferðum, skipulagi skólastarfs, foreldrum, staðsetningu o.s.frv.).

- Námið – tengja saman leik- og grunnskóla
- Halda áfram með Dalskóla-módelið
- Hverfið – leik- og grunnskóli fyrir alla í Úlfarsárdal
- Langt í þjónustu og „grenndarsamfélag“
- Húsið – sem næst leikskólanum og byggja í áföngum
- Íþróttaaðstaða (hús ?) + sundlaug
- Tími – hefja sem fyrst !!!

Hópur 3. Tækifæri sem við höfum (í Reykjavík, í skólakerfinu almennt o.s.frv.)

- Samrekin leik- og grunnskóli, $250 + 500 = 750$
- Skólaþorp – leikskóli, grunnskóli, frístund allt undir einum hatti en
- mismunandi hús
- Hjarta hverfisins, þjónustan fer öll fram þar – Miðstöð hverfisins
- Tónlistarskóli – íþróttir – frístundir fyrir ALLA ÍBÚA HVERFISINS
- Tenging við náttúruna og umhverfið



Hópur 4. Væntingar til skólans:

- Sveigjanleiki
- „Dalskólamódel“ frá leikskóla og upp úr → hugmyndafræði
- Tillit til veðurfars – laga að náttúrufari – náttúran dregin að rýminu
- Tækni nýtt og kynnt
- Grænt hugarfar – sjálfbærni
- Foreldrasamstarf – foreldrar hafi þátttöku í kennslu
- Skólinn vinni yfir mörk lóðar inn í hverfið – nýti sér þorp í borg
- Umhverfi – saga

Forgangsröðun

Eftir að hóparnir höfðu kynnt niðurstöður sínar voru þátttakendur beðnir að velja hver fyrir sig fimm atriði af veggspjöldunum og gefa þeim einkunn frá 1 upp í 5 þar sem 5 er best/mikilvægast. Einkunnir voru skráðar við atriðin á spjöldunum til að safna saman einkunnagjöf hvers atriðis þau atriði sem fengu einkunn voru eftirfarandi:

- Námið – tengja saman leik- og grunnskóla – 53 stig
- Hjarta hverfisins, þjónustan fer öll fram þar – Miðstöð hverfisins – 42 stig
- Húsið – sem næst leikskólanum og byggja í áföngum – 35 stig
- Tími – hefja sem fyrst !!! – 20 stig
- „Dalskólamódel“ frá leikskóla og upp úr → hugmyndafræði – 18 stig
- Tillit til veðurfars – laga að náttúrufari – náttúran dregin að rýminu – 15 stig
- Skólinn er miðja – 14 stig
- Grænt hugarfar – sjálfbærni – 14 stig
- Skólaþorp – leikskóli, grunnskóli, frístund allt undir einum hatti en mismunandi hús – 9 stig
- Ó ? kostir, fáir koma inn í hverfið – lágt þjónustustig – 8 stig
- Umhverfi – sérstakt umhverfi – 6 stig
- Tækni nýtt og kynnt – 6 stig
- Nálægð við sveit – á – fjara – fjall – 5 stig
- Umhverfi – saga – 5 stig
- Samrekinn leik- og grunnskóli, $250 + 500 = 750$ (nemendur í skólanum) – 4 stig
- Tenging við náttúruna og umhverfið – 4 stig
- Foreldrasamstarf – foreldrar hafi þátttöku í kennslu – 4 stig
- Traust til skólans – 2 stig
- Sveigjanleiki – 1 stig
- Skólinn vinni yfir mörk lóðar inn í hverfið – nýti sér þorp í borg – 1 stig

Námssamhengi - áherslur

Þegar dregnar voru saman helstu áherslur úr vinnu hópsins um námssamhengið út frá stigagjöf hópsins komu eftirfarandi þrír áherslupættir sterkast fram:

1. Samrekinn leik- og grunnskóli og frístund (120 stig)

- Námið – tengja saman leik- og grunnskóla
- Húsið – sem næst leikskólanum og byggja í áföngum
- „Dalskólamódel“ frá leikskóla og upp úr → hugmyndafræði
- Skólaþorp – leikskóli, grunnskóli, frístund allt undir einum hatti en mismunandi hús
- Samrekinn leik- og grunnskóli, $250 + 500 = 750$ (nemendur alls í skóla og leikskóla)
- Sveigjanleiki

2. Skólinn er hjarta hverfisins (57 stig)

- Hjarta hverfisins, þjónustan fer öll fram þar – Miðstöð hverfisins
- Skólinn vinni yfir mörk lóðar inn í hverfið – nýti sér þorp í borg
- Skólinn er miðja

3. Tengsl við náttúru, umhverfi (49 stig)

- Tillit til veðurfars – laga að náttúrufari – náttúran dregin að rýminu
- Grænt hugarfar – sjálfbærni
- Umhverfi – sérstakt umhverfi
- Nálægð við sveit – á – fjara – fjall
- Umhverfi – saga
- Tenging við náttúruna og umhverfið

Námsvarðan:

Annar fundur hópsins var 11. september 2012, vinnufundurinn var í Dalskóla eins og áður. Byrjað var á að fara yfir niðurstöður frá síðasta fundi og rifja upp áherslur úr vinnu hópsins um námssamhengið sem myndar grunn að næstu skrefum um námsvörðuna, námsvæntingarnar og námsskipulagið.

Námsvarðan er vegvísir á námsleið! Hún á að:

- vísa á það sem er sérstakt við skólann
- vera jafnframt auðkenni og ímynd skólans
- veita skólastarfinu anda og orku, tiltrú, tryggð og samstöðu
- tengja saman og endurspegla leiðarljós, framtíðarsýn og gildi skólans
- vera auðskiljanleg öllum
- vera samofin eða tengjast öllu skólastarfinu
- vera í samræmi við niðurstöður okkar um námssamhengið (fyrsta skrefið í ferlinu)

Skipt var í þrjá hópa til að vinna með námsvörðuna og dregin athygli að því sem er sérstakt við skólann og verður auðkenni og ímynd skólans. Varðan getur birst í mynd, logo eða setningu.


Niðurstöður hópanna voru eftirfarandi:

Hópur 1

- | | |
|--|--|
| <ul style="list-style-type: none">• Samkennd• Samheldni• Samvinna• Samábyrgð• Náttúra• Umhverfi• Dýr• Gleði | <ul style="list-style-type: none">• Að fjölbreytileika sé fagnað á öllum sviðum• Væntingar og væntumþykja• Tengsl við atvinnulíf og þjóðfélag• Fara í ferðir og fá gesti• Listgreinar; jafnt hlutfall hugar og handar• Eru einangruð landfræðilega• Passa tengsl við þjóðfélagið |
|--|--|


Hópur 2

- Náttúran
- Áin
- Fjallið
- Skjól
- Dalur
- Umvefjandi náttúra
- Ræktun
- Gleði
- Áhugi
- Lærdómssamfélag fyrir alla - allir jafnir
- Náin samvinna við samfélagið
- Landnemasamfélag
- Náin samvinna við samfélagið
- Samvinna kynslóða
- Einstaklingur í hóp – umvafinn



Hópur 3

- Tvö mól, það almenna þar sem tenging við samfélagið er ef til vill ekki sterk, sterk aðgreining milli stofnana, leikskóla, grunnskóla og frístundar
- Dalskóla mól sem styður samfellu í starfinu, grunnskóli-leikskóli og frístundaheimili,
- Samfélagið lítur inn í skólann.
- Náið samstarf og tenging við grenndarsamfélagið
- Gleði og sköpun – líta út fyrir mörk skólans
- Tengsl við náttúru og umhverfi



Námsvæntingar

Námsvæntingar, hvað á nemandi að hafa tileinkað sér frá 2ja ára aldri í þessum skóla, ekki hvað varðar námsmarkmið, heldur almenn markmið.

Skipt var í fjóra hópa.

Hópur 1 - Vinnan: Hverjar eru helstu áskoranir sem mæta okkur í vinnu við upphaf 21. aldarinnar?

Á grunni þessara áskorana, hvað væntum við að komi út úr námi barnanna í skólunum okkar?

Hvað eiga þau að geta, meta og vita?

- Samvinna / Teymisvinna
- Heiðarleiki
- Lausnamiðun
- Geta tekist á við áskoranir
- Tillitsemi
- Iðni
- Tæknivædd / þekking á tæki og hugbúnað / margmiðlunarmennt
- Skapandi / hugmyndaríki
- Vita hvers maður er megnugur
- Frumkvæði
- Kunna að ljúka verkefnum
- Geta sundurgreint flókna verkferla
- Bera virðingu fyrir samstarfsfólki
- Horfa til styrkleika samstarfsfélaga
- Geta endurnýjað kunnáttu og leikni
- Varðveita áhuga
- Ábyrgðarkennd bæði í starfi og gagnvart samstarfsfólki

Hópur 2 - Fjölskyldan: Hverjar eru helstu áskoranir sem mæta okkur í fjölskyldulífi við upphaf 21. aldarinnar?

Á grunni þessara áskorana, hvað væntum við að komi út úr námi barnanna í skólunum okkar?

Hvað eiga þau að geta, meta og vita?

- Innihaldsrík samvera
- Meta vináttu og tilfinningar annarra
- Sýna ábyrgð
- Fjölskyldan sýni samstöðu
- Heilsteyptir einstaklingar
- Góð samskipti
- Meta sjálfan sig og aðra að verðleikum
- Jafnrétti – mannréttindi
- Fjölbreytileiki í fjölskyldugerð, s.s. stjúp-fjölskyldur.....áskorun
- Virða mismunandi gildi og reglur eftir fjölskyldum – margbreytileiki
- Ást og virðing

Hópur 3 – Grenndin: Hverjar eru helstu áskoranir sem mæta okkur í grenndarsamfélagi við upphaf 21. aldarinnar?

Á grunni þessara áskorana, hvað væntum við að komi út úr námi barnanna í skólunum okkar?

Hvað eiga þau að geta, meta og vita?

- Hvar er ég?
- Tjáning
- Kunna að láta til mín taka
- Þekkja viðhorf sín til umhverfis (manna)
- Þekkja leiðir til þess að velja í samhljómi við sín gildi
- Láta sig umhverfið og náungan skipta
- Ábyrgðarkennd gagnvart samferðafólki



- Meta fjölbreytileika
- Virða gildin í samfélaginu
- Sýna samábyrgð – samhyggð
- Lýðræði

Hópur 4 – Persónulega lífið: Hverjar eru helstu áskoranir sem mæta okkur í persónulegu lífi við upphaf 21. aldarinnar?

Á grunni þessara áskorana, hvað væntum við að komi út úr námi barnanna í skólanum okkar? Hvað eiga þau að geta meta og vita?

- | | |
|--|--|
| • Gleði | • Ekki nóg að þekkja rétt sinn heldur er ábyrgð jafnmikilvæg |
| • Komast af fjárhagslega – fjármálalæsi | • Þekkja sjálfan sig |
| • Tilfinningagreind | • Taka ábyrgð á sjálfum sér í samspili við umhverfið |
| • Þekkja styrkleika sína og veikleika | • Hafa trú á sjálfum sér |
| • Hafa trú á eigin getu | • Alltaf að læra – ekki stöðnun |
| • Kunna tímastjórnun | • Sýna tillitssemi |
| • Þekkja drauma sína og vonir | • Taka þátt í samfélaginu |
| • Hafa kunnáttu til þess að hefja það ferðalag | • Félagsfærni |

Námsvæntingar – samantekt

Vinnan

Skapandi einstaklingar sem geta unnið með öðrum eru hugmyndarík og lausnamiðuð í vinnu. Þau eru heiðarleg og ábyrg, tillitssöm og iðin, vita hvers þau eru megnug og geta tekist á við áskoranir. Þau hafa gott vald á hvers konar tækni og geta sundurgreint flókna verkferla. Þau bera virðingu fyrir samstarfsfólki sínu og sjá styrkleika þess. Þau eru opin fyrir því að endurnýja sífellt kunnáttu sína og leikni.

Fjölskyldan

Heilsteypir einstaklingar sem meta sjálfa sig og aðra að verðleikum. Einstaklingar sem meta vináttu og tilfinningar annarra og eru færir um að eiga góð samskipti og sýna ást og virðingu. Þeir þurfa að læra að virða fjölbreytileika í fjölskyldugerð og virða mismunandi reglur eftir aðstæðum. Vita að fjölskyldan stendur saman og þar ríkir jafnrétti og mannréttindi eru virt.

Grenndarsamfélagið

Einstaklingar sem þekkja viðhorf sín til umhverfis og samfélags og virða gildin sem þar ríkja og virða lýðræðið. Einstaklingar sem láta sig umhverfið og náungann skipta og finna til ábyrgðar og samhyggðar gagnvart samferðafólki. Þeir meta fjölbreytileikann, geta tjáð sig, kunna að láta til sín taka og þekkja leiðir til þess að velja í samhljómi við sín gildi.

Persónulega lífið

Glaðir einstaklingar sem búa yfir sjálfsþekkingu, þekkja styrkleika sína og veikleika og hafa trú á sér og eigin getu. Þau þekkja rétt sinn en einnig skyldur og taka ábyrgð á sjálfum sér í samspili við umhverfið. Þau kunna tímastjórnun og komast af fjárhagslega – eru fjármálalæsi. Þau búa yfir félagsfærni, sýna tillitssemi og taka þátt í samfélaginu. Þau þekkja drauma sína og vonir og hafa kunnáttu til þess að hefja það ferðalag.

Námsskipulag

Skipt var í þrjá hópa og þeir beðnir að ræða hvernig skólastarfið þarf að vera skipulagt til þess að ná því fram sem við viljum að börnin okkar fái út úr skólagöngunni, m.t.t. tíma barnanna, nemenda og starfsmanna, námsumhverfis og ákvarðanatöku.



Hópur 1 - Tími barnanna, skipulag, tímaplan, námsgreinar, skóli/frístund o.s.frv.

- Skóladagurinn flæðir, byrjar rólega frá kl. 8 – 8.30
- Teymisvinna
- Fella saman fög
- Unnið í lengri lotum og góð útivist á milli
- Mismunandi aldurshópar vinna saman
- Samþætting námsgreina
- Teymiskennsla

Hópur 2 - Nemendur og starfsmenn – hvernig á að skipa í hópa, samvinna þvert á árganga, hvernig vinnur starfsfólk saman o.s.frv

- Samvinna þvert á árganga
- Ekki fyrirfram ákveðin skipting á hópa, nema að einhverju leyti
- Stundum þarf að vera ákveðin breidd í aldursmun – þroskandi
- Kennarar líka að fara „upp og niður“ í aldri hópa
- Allir nemendur á ábyrgð allra starfsmanna
- Teymisvinna kennara og bekkja brotin upp – sbr. árganga
- Að útmá skil á milli hópa má ekki verða til þess að nemendur glati tilfinningu fyrir því að þau séu að vaxa; þurfa að vera „milestones“ skil á milli stiga... 6 ára... 10 ára afmælin
- Verða tengsl mest á snertiflötum?
Leikskóla og 6 ára, yngsta og miðstigi, miðstigi og unglingastigi



Hópur 3 - Námsumhverfið, þ.m.t. tæknin, aðstaða, búnaður, skipulag o.s.frv.

- Hanna lóð m.v. mismunandi aldur
- Hólf – sum opin
- Skjól fyrir vindi
- Frumleg náttúruleg örvandi leiktæki
- Útihljóðfæri
- Innvið vinnumhverfi
- Börnum finnst það sama og fullorðnum um gæði rýmis / vinnuaðstöðu

Námsskipulagið - samantekt

Hvernig þarf skólastarfið að vera skipulagt til þess að ná því fram sem við viljum að börnin okkar fái út úr skólagöngunni?

- Skóladagurinn flæðir
 - unnið í lengri lotum og góð útvíst á milli
 - samþætting námsgreina
- Samvinna þvert á árganga, teymiskennsla
 - Þroskandi að vera með breidd í aldursmun
 - þurfa að vera „milestones“ - skil á milli stiga
 - samvinna mest á skilum skólastiga
- Hanna lóð miðað við mismunandi aldur
 - Hólf – sum opin
 - Skjól fyrir vindi
 - Frumleg náttúruleg örvandi leiktæki
 - Útihljóðfæri
- Innvið vinnumhverfi
 - Börnum finnst það sama og fullorðnum um gæði rýmis / vinnuaðstöðu



Námsumhverfið



Inniber búnað, tækni og húsnæði, auk námsstaða utan skólabýggingar.

Þarf að taka mið af námssamhenginu, námsvörðunni, námsvæntingunum og námsskipulaginu.

Námsumhverfið þarf að rúma margs konar námsaðferðir, s.s. sjálfstýrt nám, samvinnunám, vinnu í stórum og litlum hópum, einstaklingsnám, fyrirlestra og kynningar og útikennslu.

Á þriðja fundi vinnuhópsins var meginviðfangsefnið námsumhverfið. Vinnuhópurinn þarf að koma með hugmyndir og tillögur að umhverfi sem styður við þær áherslur um skólastarfið sem komnar eru fram í skrefunum á undan og hafa í huga að hluti námsumhverfis er utan skólans.

Námsumhverfi – nemendur

Hildur, skólastjóri Dalskóla ræddi við nemendur um hvernig þeir vilja hafa skólann.

Eldri nemendur byrjuðu á að telja upp ýmisleg efnisleg gæði, trampólín, lpad, o.fl.

Síðan kom í ljós að þau vilja hafa sveigjanleika í aðstæðum, þau vilja hafa þann möguleika að „læra í friði ein“ en líka að vinna í hópum „þar sem má tala“.

Þau voru nokkuð bundin af þeim hefðum sem þau sjá fyrir sér í myndum og í bókum.

Yngri nemendur, fjögurra ára, sem hún ræddi einnig við, vildu helst hafa skólann eins og hann er og bentu á það sem var í kringum þau þá stundina.

Námsumhverfi – grunnur

Hópurinn var beðinn að lista upp sérkenni skólans sem hafa áhrif á skólabygginguna og hafa í huga „Dalskóla-módel“ sem styður samfellu í starfinu í grunnskóla, leikskóla og frístundum.

Þátttakendur unnu saman 3-4 í hverjum hóp og gengu á milli veggspjalda og skráðu hugmyndir sínar og svör við spurningum sem settar voru fram við hvern þátt. Hver hópur bætti við það sem á undan var komið. Í lokin kynntu hóparnir það sem skráð hafði verið á spjöldin.

1. **Samvinna þvert á árganga:** Hverjir vinna saman? Hvar eiga að vera skil? Hversu stórar einingar?
 - Kostir að vinna stundum saman með eldri, stundum saman með yngri, stundum með jafnöldrum
 - Í kjarnahópum (tveggja ára aldursbil). Skilin mótast annars vegar af námskrám og hins vegar af hefð. Skipting í námsskránni er ekki tilviljun
 - Vinna þvert á árganga bæði upp og niður. Líta á unglingastig sem eina heild
 - Hver árgangur vinni með næsta árgangi fyrir ofan og næsta fyrir neðan í aldri
 - Einingar ekki stærri en svo að hver einstaklingur fái notið sín
 - Samstarf við eldri borgara
 - Skólabörn með leikskólabörnum
 - Setja upp mentora/samstarf vinabekkir eldri, yngri og öfugt
 - Unglingastig vinni oft saman – heildstætt
2. **Stærð námshópa/deildir – teymiskennsla:** Vinnuaðstaða nemenda/barna . Vinnuaðstaða kennara/starfsmanna.
 - Passa að hægt sé að fara í minni rými
 - Ekki of langt á milli vinnustöðva
 - Árgangar vinna saman

- Kennarar með vinnusvæði á staðnum
- Þverfagleg svæði – flæði þekkingar
- Góð hljóðvist og dagsbirta
- Fjölbreytt rými, stór og smá
- Sveigjanleiki fyrir starfsfólk og nemendur
- Passa upp á að hægt sé að fara í minni rými, t.d. upp á innlög

3. Samþætting náms/leiks/frístunda: List- og verkgreinakennsla, aðrar sérstofur – séraðstaða

- Smiðjur
- Samnýta fyrir alla sérgreinastofur
- Hönnun að hægt sé að nota fyrir alla
- Listamiðstöð
- Frístund hafi sitt svæði
- Hver sérgrein ætti sitt útisvæði
- Hægt verði að skipta stofunum upp svo að öll stig geti nýtt á sama tíma
- Listgreinaverkstæði – gróandi – enga útpynningu
- Útirými framlenging af stofunni – námsflæði

4. Tengsl við umhverfi og náttúru: Aðstaða til náms-, leikja og frístunda, úti og inni – skólalóð

- Skjólmyndun fyrir austanátt
- Ögrandi útisvæði,
- Tenging við nærumhverfi,
- Matjurtagarður,
- Opna bygginguna,
- Umferðaröryggi
- Gott aðgengi að grenndarsvæði
- Innigarður – Gróðurhús
- Útiþrautabraut (Skólahreysti)
- Samstarf við Lambhaga
- Skjól fyrir austanátt á leiksvæði og námsumhverfi (útikennslustofa)
- Byggingin býr til allskonar rými (skjól)
- Skýli, vinna útikennsluverkefni, starfið gæti flætt út í náttúruna
- Glertenging byggingar með hita og gróðri
- Framlengja námsskeið út, smíðar/heimilisfræði o.s.frv.
- Skautasvell
- Ögrandi leiksvæði
- Grenndarsvæðin (svæðin) vinni með börnum, starfsmönnum
- Tengsl skólalóðar og náttúru (t.d. Úlfarsá)
- Útikennslusvæði
- Greiðar gönguleiðir nemenda í skólann
- Aðgreind leiksvæði milli aldurshópa
- Sveigjanleiki í nýtingu lóðar
- Opna skólabygginguna út í náttúruna (fá náttúruna inn)

5. Skólinn hjarta hverfisins. Þjónusta við íbúa í eða við skólann

- Eldri borgarar/unglingar
- Félagsmiðstöð


- Leikfímiaðstaða
- Bókasafn
- Gagnamiðlun – gagnaver
- Sundlaug – ungbarnasund
- Danskennsla
- Tónlistarkennsla/-starf
- Heilsugæsla/ungbarnaefirlit
- Lögreglan
- Samgangur milli kynslóða
- Kaffihús
- Námskeið fyrir foreldra
- Þjónusta fyrir íbúa, t.d. sálfræðing
- Samstarf við dagforeldra
- Menningarmiðstöð (sbr. Gerðuberg)

Skóli í Úlfarsárdal

Egill Guðmundsson, arkitekt hjá Arkis, arkitektastofu kynnti undirbúning og frumteikningar að skólahúsi í Úlfarsárdal. Unnið var eftir sama ferli árið 2007, þ.e. Design Down eða Hönnun frá hinu almenna til hins sérstaka. Þá var gert ráð fyrir barnaskóla í dalnum á núverandi skólalóð.

Við hönnun og byggingu grunnskólans við Úlfarsbraut er fyrirhugað að ímynd skólans verði tengd við náttúruvísindi og umhverfismál. Fellur sú hugsun mjög vel að “grænni” ímynd skólans eins og fram kemur í greinargerð úr vinnu við Design Down Process skólans og staðsetningu hans í nánum tengslum við náttúru dalsins og Úlfarsár.





Skólinn lagar sig að aðstæðum á skólalóðinni og er að hluta byggður inn í brekkuna.

Meginhugmyndin í hönnun skólans gerði ráð fyrir „tvenndum“, þ.e. að námshópar ynnu saman á svæðum og deildu sameiginlegum miðrymum og hópherbergjum.



Líkan sem sýnir skólahúsið eins og það var fyrirhugað árið 2007.

Bygging grunnskóla í Reykjavík í upphafi 21. aldarinnar

Rúnar Gunnarsson, arkitekt á umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkur kynnti þróun skólabygginga og sýndi myndir af nýjustu skólahúsum í borginni.



Austurbæjarskóli er elsta grunnskólabyggingin í Reykjavík og var byggður um 1930.



Fossvogsskóli – fyrsti opni skólinn og byggður sem slíkur.

Unnið ofan frá og niður en grasrótin fengin til að taka þátt í hönnuninni. Bæði opin og lokuð rými.




Engjaskóli (1993)– samkeppni, þrír skólar, byggðir á of löngum tíma, miðja/gata, almennar stofur öðru megin og list- og verkgrainastofur hinum megin



Ingunnarskóli (2001) – Design Down ferli, leiðarljós höfunda, skrefin í vinnunni sem þarf að taka mið af, lýsti hvernig skólinn varð til frá frumhugmyndum til lokahönnunar og byggingar.

Sæmundarskóli (2009) byggir að nokkru á sömu teikningu og Ingunnarskóli, en minni rými og minna miðrými.



VA arkitektar ehf





Miðrými í Sæmundarskóla.

Námsumhverfi - skissur

Skipt var í fjóra hópa sem fengu það verkefni að búa til skissu af námsumhverfi sem kemur til móts við einkennin sem listuð voru upp sem sérkenni skólans sem hafa áhrif á skólabýgginguna. Hér á eftir má niðurstöður hópanna:


Hópur 1

Á 1. hæð hjarta/miðrymi/matsalur
Íþróttahús og sundlaug niður að ánni
Byggingin myndar boga og skjól
Bókasafnið nálægt inngangi og hægt að loka af frá meginbyggingunni
Stjórnendarymi í kringum miðrymið.



Hópur 2

Núverandi skólabýgging verði notuð fyrir yngstu leikskólabörnin. Skólahúsið sem rís verði tvenndarhús með hjartarymi í miðju og með bókasafni sem nýtist einnig fyrir hverfið. Tvenndareining sem er deilt upp í minni svæði, hægt að breyta eftir aldri. Gera tengingu yfir sprunguna. Þakið hluti af skólalóðinni. Göngustígur í gegnum húsið, þar sem hægt væri t.d. að komast inn á bókasafnið.



Sveigjanleiki- samnýting- góð úti. Góð útitinging.

Núverandi hús notað fyrir yngri leikskólabörnin, 4-6 ára í skólahúsinu


Aðstaða fyrir starfsfólk

Lítill rými og svo stærri sem hægt er að skipta upp

Byggja í boga og mynda þannig skjól

Frístundin í miðju neðst og hægt að ganga beint út í dalinn, svæði fyrir 2 tvenndir

Miðjurými fyrir eldri gegnir öðru hlutverki.



Hópur 3

Tvenndareining of stór – skipta í sellur

Yngstu einingarnar minni – stækkar eftir aldri

Byggir á teikningu Arkís

Byggja yfir sprunguna

Hús jafnvel neðanjarðar – byggja á ská og niður – fótbolti á þakinu – nýta fleiri möguleika

Gangstígur í gegnum húsið – úti inni – óljós mörk

Yngri nemendur í þessu húsi og 5-7 ára nýta líka lokaða skólalóð – opnast meira eftir því sem þau verða eldri – ekki skörp skil.

Hópur 4

Miðja nærri inngangi (ekki eiginleg miðja hússins) – vel merkt hvernig komist er á rétta staði. Þar er hægt að setjast á kaffihús sem er í miðjunni og bíða t.d. eftir barni sínu


Menntabraut í gegnum húsið

Láta bygginguna hjálpa til að mynda skjól

Hægt að loka ákveðnum einingum

Útvíkka tvenndir með „hjarta“ – frístund

Svið og salur bæði opið og lokað – lokað til að geta t.d. æft fyrir Skrekk og þurfa ekki að bíða eftir að skólinn tæmist



Námsumhverfi – samantekt

Athyglisverður samhljómur var um nokkra þætti í öllum hópunum sem unnu verkefnið um námsumhverfi. Nefna má hugmyndir um **að námssvæðum sé raðað kringum „hjarta“ eða miðju** bygginga og í einni hugmyndinni verður miðjan að „menntabraut sem gengur í gegnum skólahúsið. Að **byggingin myndi skjól fyrir veðrum og vindum** er önnur hugmynd sem endurómar í fleiri en einni skissu. Fólki er einnig umhugað um að **rými geti verið ýmist opin eða lokuð** og „skipt í sellur“. **Þjónusta við íbúa hverfisins er tekin inn í skólann** í flestum hópunum og bókasafn fyrir hverfið er þar nefnt sérstaklega. Flestir voru einnig á því að **nýta núverandi skólabyggingu fyrir yngstu börnin** í leikskóla.

Námsfagnaðir

Eru til að njóta afraksturs af vel unnu verki og heiðra framfarir og sigra sem uppfylla námsvæntingarnar og styðja námsvörðuna

Námsfagnaðir eru hefðir og venjur í skólanum sem hafa áhrif á andann í skólanum.



Námsfjármögnun

Skólar sem hannaðir eru eftir ferli frá hinu almenna til hins sérstæða eru ekki dýrari skóli en aðrir skólar.

Áhersla er á samvinnu og samnýtingu húsnaðis með aðilum í grenndarsamfélaginu.

Heimildir

Aðalnámskrá leikskóla, almennur hluti 2011. Reykjavík. Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti 2011. Reykjavík. Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Gerður G. Óskarsdóttir. 2001 Lýsing á undirbúningsferli hönnunar frá hinu almenna til hins sérstæða (Design Down Process). Reykjavík. Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.

Lög um grunnskóla, nr. 91/2008.